# LITABÓK MINJASTOFNUNAR AUSTURLANDS

Í sumar réði Minjastofnun Íslands til starfa nema í sumarvinnuátaki Vinnumálastofnunar fyrir námsmenn. Tveir nemar úr Listaháskólanum fengu það verkefni að búa til kynningarefni fyrir stofnunina og var afrakstur þeirra vinnu kynntur á Menningarminjadögum Evrópu núna í ágúst. Ein afurð þessa skemmtilega verkefnis var litabókin Litað í kringum landið sem unnin var af Örnu Ingu Arnórsdóttur og Minjastofnun hefur nú gefið út.

Tvær myndir í bókinni eru úr Djúpavogshreppi og langar okkur að birta hér eina fyrir áhugasama, unga sem aldna, til skemmtunar og fræðslu.

Það væri gaman að fá myndir af áhugasömum að lita. Hægt er að merkja myndirnar með #menningarminjar á samfélagsmiðlum. Einnig er hægt að nálgast litabókina í heild á heimasíðu Minjastofnunar www.minjastofnun.is.

Góðar stundir frá Minjastofnun Íslands





## Langabúð

Langabúð er elsta húsið á Djúpavogi. Núverandi mynd hússins er frá því um 1850, en það er eldra í grunninn. Í Löngubúð er í dag safn Ríkarðs Jónssonar, myndhöggvara og myndskera. Einnig er þar minningarstofa um Eystein Jónsson, stjórnmálamann frá Djúpavogi, og konu hans Sólveigu Eyjólfsdóttur. Á lofti hússins er minjasafn. Í suðurhluta hússins er kaffihús. Húsið var friðlýst árið 1979 og stendur innan verndarsvæðis í byggð.